



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 2.2.2016 kl. 16:30

**Mætt:**

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Gunnar Bjarnason (GB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ),

**Fjarverandi:**

Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Ársþing

**a. Dagskrá**

Rætt um dagskrá ársþings

**b. Lagabreytingar**

- i. Breytingar gerðar vegna ábendingar frá ÍSÍ
- ii. Tryggvi kemur með tillögu að skýrari skilgreiningu um hvernig fjöldi keppnisskírteina er fenginn

**c. Breytingar á reglugerðum AKÍS**

- i. Keppnisreglur ræddar
- ii. Lögð til einföldun á Afreksstefnu
- iii. Umhverfisstefna AKÍS rædd

### 2. Fjármál

Rennt yfir helstu tölur úr bókhaldi AKÍS fyrir árið 2015. Ákveðið að leggja fram ársuppgjör á næsta stjórnarfundum.

Í kjölfar ársþings mun farið yfir helstu tölur í bókhaldi mánaðarlega.

### 3. Innsend athugasemd vegna aksturs keppenda í almennri umferð

Stjórn AKÍS barst tölvupóstur þar sem bent var á akstur keppenda í drift um hringtorg á Akureyri í lok Bíladaga 2015.

Formanni falið að ræða við viðkomandi og benda á að slík framkoma eins og kom fram á myndbandi er ekki liðin og mun í framtíðinni vísað til Aganefndar AKÍS.

### 4. FIA Gran Turismo Online Championships

FIA í samstarfi við Playstation liðið mun standa fyrir ofangreindri keppni í ár. Hún verður kynnt formlega fyrir umheiminum í júní 2016 og því erum við beðin um að fara ekki hátt með þetta.

Þetta mun í febrúar kynnt fyrir Ólafi Þór Jónsson hjá Senu sem er sölu- og umboðsaðili Playstation leikja á Íslandi.



**5. Önnur mál**

**A - Akstursviðburðir sem ekki eru keppnir**

Umræður urðu um leyfismál vegna akstursviðburða sem ekki er flokkað sem keppnishald, til dæmis myndataka eða hvataferðir. Formaður ásamt framkæmdastjóra munu taka þetta upp við Samgöngustofu.